

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. júní 2021

Mál nr. S-8184/2020:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Vilhjálmur Reyр Pórhallsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Davíð Þór Gunnarssyni

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 4. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 8. desember 2020, á hendur: „Davíð Þór Gunnarssyni, kt. [...], [...]:

I.

Fyrir þjófnað, með því að hafa fimmtudaginn 4. október 2018 stolið einni flösku af Gajol Granat Æble samtals að söluandvirði 2.750 krónur úr verslun ÁTVR við Borgartún 26, Reykjavík.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir fíkniefna- og lyfjalagabrot, með því að hafa laugardaginn 25. maí 2019 á [...], Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 8,86 g af amfetamíni og 1,26 g af ecstasy sem lögregla fann við leit á ákærða í umrætt sinn í kjölfar afskipta lögreglu af honum.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

III.

Fyrir fíkniefna- og vopnalagabrot, með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 18. júní 2019 við [...], Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 194,3 g af maríhúana og hnúajárn sem lögregla fann við leit á ákærða í umrætt sinn í kjölfar afskipta lögreglu af honum.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og c. lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

IV.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 25. júlí 2019 við [...], Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 0,15 g af kókaíni sem lögregla fann við leit á ákærða í umrætt sinn í kjölfar afskipta lögreglu af honum.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og c. lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

V.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 31. júlí 2019 við [...], við [...], Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 1,83 g af kókaíni og 1,29 g af metamfetamíni sem lögregla fann við leit á ákærða í umrætt sinn í kjölfar afskipta lögreglu af honum.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og c. lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

VI.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 14. janúar 2020 við [...], Hafnarfirði, haft í vörslum sínum samtals 13,49 g af kókaíni sem lögregla fann við leit á ákærða í umrætt sinn í kjölfar afskipta lögreglu af honum.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og c. lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

VII.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 18. febrúar 2020 haft í vörslum sínum samtals 0,89 g af amfetamíni sem lögregla fann við leit á ákærða á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 112, Reykjavík, í kjölfar afskipta lögreglu af honum.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og c. lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

VIII.

Fyrir umferðar- og lögreglulagabrot með því að hafa mánudaginn 27. apríl 2020, ekið bifhjólinu [...] sviptur ökuréttindum ævilangt, undir áhrifum ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja (alprazolam í blóði mældist 8,7 ng/ml, amfetamín í blóði mældist 90 ng/ml, díazepam í blóði mældist 64/ng/ml, klónazepam í blóði mældist 17 ng/ml, metamfetamín í blóði mældist 55 ng/ml og nordíazepam í blóði mældist 84 ng/ml) norður Reykjanesbraut áleiðis að Sæbraut, Reykjavík. Er lögregla hugðist stöðva akstur ákærða sinni hann ekki fyrir mælum lögreglu um stöðva bifhjólíð sem gefin voru til kynna með forgangsljósum og hljóðmerkjum og hófst í framhaldinu eftirför lögreglu eftir bifhjólí ákærða sem hélt ferð sinni áfram á allt að 136 kílómetra hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, þar sem leyfilegur hámarks hraði er 60 kílómetra hraði á klukkustund. Við gatnamót Sæbrautar og Dalvegjar ók ákærði bifhjólinu gegn rauðu ljósi er hann beygði inn Dalveg til suðurs þar sem bifhjól ákærða og lögreglu rákust saman með þeim afleiðingum að þau féllu í jörðina. Hófst í framhaldinu eftirför lögreglu á fæti þar sem

ákærði virti ítrekuð fyrirmæli lögreglu um að stöðva að vettugi uns ákærði var handtekinn í garði við [...], Reykjavík.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 7. gr., 2., sbr. 5. mgr. 37. gr., 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, 19. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

IX.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 2020 á bifreiðastæði við verslun Olís við Álfheima, Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 3,96 g af amfetamíni sem lögregla fann við leit á ákærða í umrætt sinn í kjölfar afskipta lögreglu af honum.

Telst háttsemi þessi varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og c. lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og að vegna ákæruliða II., III., IV., V., VI., VII. og IX. verði gerð upptæk framangreind samtals 194,3 g af maríhúana, 13,71 g af amfetamíni, 15,47 g af kókaíni, 1,26 g af ecstasy, 1,29 g af metamphetamine og 13 töflur af rivotril samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og 1., sbr. 3. mgr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994. Þess er einnig krafist að vegna ákæruliðar VIII. verði ákærði dæmdur til að sæta upptöku á tveimur mótörhjólahjálum sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins samkvæmt heimild í 1. og 3. tölulið 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er einnig krafist að ákærði verði dæmdur til að sæta sviptingu ökuréttar, skv. 101. gr. laga nr. 77/2019.

Einkaréttarlegar kröfur

Vegna ákæruliðar I. gerir Skúli Bjarnason, lögmaður, kröfu, fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins kt. 410169-4369, um skaðabætur að fjárhæð kr. 2.750,- auk vaxta skv. 8. gr. 1. nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð,- frá 4. október 2018 til 11. nóvember 2018. Eftir það er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. sbr. 9. gr. laganna til greiðsludags. Að auki er krafist lögmannskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.“

Dómari tók við meðferð málsins 29. janúar 2021 en hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

Við þingfestingu málsins 27. janúar 2021 játaði ákærði sök samkvæmt ákæruliðum I.-VII. en neitaði sök samkvæmt ákæruliðum VIII. og IX. og hvað varðar vopnalagabrot samkvæmt III. ákærulið. Þá hafnaði ákærði bótakröfu en samþykkti upptökukröfu í samræmi við afstöðu ákærða til ákæruliða I.-VII. en tók ekki afstöðu til annarra upptökukrafna í ákæru. Sækjandi lýsti því yfir við aðalmeðferð málsins að fallið væri frá ákæru vegna vopnalagabrots í III. ákærulið, heimfærslu til vopnalagabrots í ákæruliðum IV.-VII. og frá IX. ákærulið í heild sinni.

Ákærði gerir þá kröfu að hann verði sýknaður af VIII. ákærulið en dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa vegna þeirra brota sem hann hefur viðurkennt en tók ekki afstöðu til upptökukrafna. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu veitti lögreglumaður nr. [...], sem var akandi á bifhjóli við almennt umferðareftirlit, 27. apríl 2020, kl. 21:22, athygli ljóslausu bifhjóli sem ekið var norður Reykjanesbraut í átt að Sæbraut. Þegar lögreglumaðurinn ók samhliða bifhjólinu tók hann eftir að skráningarkerki vantaði á hjólið og að á því var farþegi auk ökumanns. Hafi hann þá gefið ökumanni merki um að stöðva akstur bifhjólsins með því að kveikja blá ljós og gefa hljóðmerki. Ökumaðurinn hefði þá aukið hraðann og ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu. Kallaði lögreglumaðurinn þá eftir aðstoð og hóf eftirför á Sæbraut við Knarrarvog. Segir í skýrslunni að ökumaður hafi ekið bifhjólinu áfram norður Sæbraut, skipt um akrein án þess að gefa stefnumerki og ekið á miðlínu á milli bifreiða við gatnamót Sæbrautar og Kleppsmýrarveggar án þess að

slá af hraða. Þá hefði ökumaður ekið áfram norður Sæbraut við Skútuvog þar sem lögreglumaðurinn, með jafnhraðamælingu, mældi bifhjólið á 140 km/klst. Þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. Ökumaður ók síðan hjólinu áfram að Dalbraut en dró úr hraða og tók vinstri beygju inn á Dalbraut til suðurs. Því næsti „gíraði hann hjólið niður“ og virtist sem hann ætlaði að gefa í aftur en þess í stað hefði hann snögghemlað með þeim afleiðingum að lögregluhjólið rakst utan í bifhjólið og við það féllu bæði hjólin í götuna og ökumaður og farþegi hlupu á brott.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af ákærða. Kvaðst hann ekki hafa ekið hjólinu og neitaði alfarið sök.

Fyrir liggur upptaka af atvikum úr búkmyndavél lögreglumanns nr. [...] og matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, dagsett 18. maí 2020, þar sem fram kemur að í blóði ákærða mældust þau ávana- og fíkniefni og lyf er greinir í ákæru.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði kvaðst kannast við atvik sem lýst er í VIII. ákærulið. Hann og vinur hans hefðu verið á bifhjóli þegar lögreglan stoppaði þá og hann var síðan handtekinn. Sjálfur hefði hann verið farþegi en ekki ökumaður og vilji hann ekki upplýsa hver var ökumaður. Hjólið hefði farið á hliðina og stoppað og hefðu þeir þá báðir hlaupið af stað og farið inn í garð. Hann hefði hent hjálminum frá sér á leiðinni og misst skóna. Kvaðst hann síðan hafa stokkið yfir girðingu og beðið í trjánum þangað til lögregla kom um átta til tíu mínútum síðar. Sagði hann ökumanninn hafa látið hann hafa skóna sína þegar þeir voru í garðinum og síðan hlaupið í burtu skólaus. Ákærða var kynnt að samkvæmt upptöku af atvikum hefði ökumaður verið í svörtum Nike skóm með hvítum sólum og hvítu merki, og í svörtum buxum og úlpu og kvaðst ákærði þá ekki muna hvernig hann hefði verið klæddur. Þá var ákærða kynnt að lögreglumaður hefði þekkt hann þegar hann handtók hann bak við grill inni í garði húss við [...] sem ökumann bifhjólsins og sagði ákærði það ekki geta staðist. Hann hefði ekki ekið hjólinu. Þá kvaðst hann hvorki hafa skipt um buxur né peysu áður en hann var handtekinn. Kvaðst hann hafa hlaupið frá vettvangi þar sem hann hefði verið með fíkniefni á sér sem hann henti frá sér. Hann hefði misst annan skóinn við girðinguna en hinn skömmu áður og lágu þeir rétt hjá þeim stað þar sem

hjálmurinn lenti. Ákærða var sýnd upptaka af atvikum úr búkmyndavél lögreglumanns og vildi hann ekki tjá sig sérstaklega um hana.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa verið að aka á lögreglubifhjóli eftir Breiðholtsbraut þegar hann sá ljóslaust bifhjól í fjarska og sem á var farþegi auk ökumanns. Hann hefði ekið eftir hjólinu og náð því við Sprengisand og þá farið alveg upp við það. Farþeginn hefði þá litið til hliðar og pikkað í ökumann þegar hann sá vitnið. Ökumaður hefði þá litið á vitnið og síðan „gírað hjólið niður“ og gefið í. Vitnið hefði þá tilkynnt að eftirför væri hafin og kveikt á ljósum og hljóðmerkjum. Hann hefði elt hjólið að Dalbraut en þar hefði ökumaður nauðhemlað og hjólin lent saman. Áður hefði hann verið búinn að aka við hliðina á hjólinu báðum megin og skoða farþega og ökumann vel og ná lýsingu á þeim. Hefði hann því vitað hvorn hann ætti að elta eftir að hjólin lentu saman. Ökumaður og farþegi skiptu liði við Kleppsveg og fór ökumaður aftur fyrir hús en farþegi fram fyrir. Hann hefði öskrað á ökumann að stoppa en hann ekki hlýtt. Þegar ökumaðurinn var kominn fyrir aftan húsið hefði hann tekið hjálminn af sér og vitnið þá séð andlit ökumannsins sem hefði síðan hlaupið áfram og vitnið á eftir. Hefði ökumaðurinn þá horfið honum sjónum í nokkrar sekúndur en hann síðan séð ökumanninn inni á palli inni í garði. Hann hefði kannast við ökumann þegar hann tók af sér hjálminn og þekkti hann aftur þegar hann sá hann í garðinum auk þess sem hann var í eins fatnaði og ökumaður hjólsins var. Vitnið sagði að ákærði hefði tekið hjálminn af sér fyrir aftan fyrsta húsið á Kleppsvegi og þar hefði hjálmurinn verið þegar vitnið tók hann upp seinna. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða allan tímann fyrir utan nokkrar sekúndur og vissi að hann var að elta ökumanninn. Þá hefði hann farið yfir allt svæðið og ekki hefðu fundist þar skór. Miðað við atburðarásina telji vitnið ekki mögulegt að ákærði hefði getað skipt um skó. Farþeginn hefði aldrei farið inn í garðinn sem ákærði fannst í og hefði vitnið seinast séð til farþegans við Laugarásbío.

Vitninu var sýnd skjámynd af upptöku úr búkmyndavél hans, kl. 21:21:39, sem sýndi mælaborðið á bifhjólinu sem vitnið ók. Sagði vitnið að mælirinn hefði verið stillur á ökutækið sem ekið var á móti og komi það fram á fyrstu tveimur skjánum en á þeim þriðja sé sá hraði sem vitnið var á sem var þá 118 km/klst. Jafnhraðamæling fari fram með því að mæla hraða þess ökutækis sem sá ekur sem framkvæmir mælingu. Hann hefði horft á hraðann á sínu ökutæki og haldið jöfnu bili við hjólið sem hann var að elta og hefðu bæði ökutækin á þessum tíma reynst vera á 118 km/klst. Þá kvaðst vitnið hafa

haldið jöfnum hraða milli ökutækjanna mestallan tíma nema þegar hann ók beggja vegna til hliðar við bifhjólíð sem hann var að elta.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa yfirheyrt ákærða og ritað samantekt vegna upptöku af búkmyndavél lögreglumanns nr. [...]. Þar sá hann að við Endurvinnsluna við Sæbraut hefði lögregla hafið eftirför eftir bifhjólí sem á voru tveir einstaklingar með hjálma. Annar þeirra var í hvítum skóm, brúnum buxum og svartri úlpu en hinn í svörtum Nike skóm með hvítum merkjum og sólum, svörtum buxum og svörtum jakka eða úlpu. Eftirförin hefði svo endað við gatnamót Sæbrautar og Dalbrautar en meðan á henni stóð hefði ökumaður framið mörg umferðarlagabrot, þegar hann skipti um akrein, fór ekki eftir reglum um notkun stefnuljóss og ók eftir miðlínu auk þess að sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglu sem var bæði með ljós og merki í gangi. Við Kleppsveg virðist sem ökumaður snarhemli í beygju og lögregluhjólíð lenti aftan á því. Farþeginn hafi þá hlaupið í burtu og lögreglumaðurinn elt ökumanninn og fundið hann við grill. Fatnaður ákærða var þá nákvæmlega eins og fatnaður og skór ökumannsins á upptökunni.

Vitnið A kvaðst hafa farið í skýrslutöku út af málinu en kannist að öðru leyti ekki við það. Hann hefði ekki verið á vettvangi og hvorki verið farþegi né ökumaður bifhjólsins. Staðfesti vitnið að hann hefði átt úlpu sem fannst á vettvangi og hann fékk síðar afhenta hjá lögreglu. Hefði hann verið búinn að leita að úlpunni í um viku þegar hann ákvað að fara á lögreglustöð og kanna hvort hún hefði lent þar og þá verið boðaður í skýrslutöku. Þegar hann fékk úlpuna afhenta voru enn í henni munirnir hans, peningar, sími og lyf. Vitnið kveðst ekki þekkja ákærða nema í sjón.

III

Niðurstaða

Ákærði játaði sök hvað varðar I.-VII. ákærulið. Farið var með mál þetta, hvað þá ákæruliði varðar, samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu. Ákærði hefur skýlaust játað þessi brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og eru þau brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er í VIII. kafla ákærunnar ákærður fyrir umferðar- og lögreglulagabrot mánudaginn 27. apríl 2020, eins og að framan er rakið. Eru þau brot ákærða talin varða við 1. mgr. 7. gr., 2., sbr. 5. mgr. 37. gr., 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr.

94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, 19. gr., sbr. 41. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákærvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Ákærði neitar alfarið sök. Byggir hann sýknukröfu sína á því að hann hafi verið farþegi umrætt sinn og ástæða þess að lögregla telji hann hafa verið ökumann sé sú að hann hafi fengið skó ökumannsins lánaða eftir að akstri lauk.

Fyrir liggur framburður lögreglumanns nr. [...] af atvikum og er hann í samræmi við lýsingu hans á atvikum í frumskýrslu. Þá er hann einnig í fullu samræmi við upptöku úr búkmyndavél lögreglumannsins. Af upptökunni má sjá að ákærði og annar maður hlupu af stað frá hjólinu eftir að akstur þess stöðvaðist og fóru fljótlega hvor í sína áttina, annar fram fyrir hús við Kleppsveg og hinn aftur fyrir. Lögreglumaðurinn bar um að hafa elt ákærða sem hann taldi vera ökumann og miðaði upphaflega einungis við þann fatnað sem hann hafði séð að ökumaður var í. Ákærði hefði síðan tekið af sér hjálminn á hlaupum og hefði hann þá þekkt ákærða. Bar hann um að hafa síðar tekið hjálm ákærða en enga skó hafa fundið neins staðar þrátt fyrir að ákærði bæri um að hafa skilið skóna eftir á svipuðum stað.

Frá því hjólið stöðvaðist og þangað til ákærði var handtekinn liðu um ein og hálf mínúta samkvæmt upptökunni og er þar um að ræða mun styttri tíma en ákærði taldi sig hafa verið í felum í garðinum. Þá verður ekki af upptökunni ráðið að félagi ákærða hafi farið inn í garðinn með honum og bar lögreglumaðurinn um að hafa séð hann í fjarska við Laugarásbíó skömmu áður en ákærði var handtekinn. Er ekki annað að sjá en að leiðir ökumanns og farþega hafi skilið fljótlega eftir að þeir hlupu af stað og að ekkert svigrúm hefði verið fyrir ákærða til að fá skó félaga síns að láni. Þá er fullt samræmi á milli þess fatnaðar sem ákærði var í við handtöku og fatnaðar ökumanns þegar hann ók hjólinu.

Ákærði vefengir ekki það magn lyfja og ávana- og fíkniefna sem mældust í blóði hans og greinir í ákæru, sem er í samræmi við matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Hvað varðar önnur umferðarlagabrot sem lýst er í ákæru þá eru þau að mestu rakin í frumskýrslu málsins. Að auki má sjá þau á upptökunni. Þar sést að ákærði gaf í eftir að hafa verið gefið merki um að stöðva aksturinn og að hann var þá búinn að

sjá að lögreglumaður á bifhjóli elti hann, að ákærði sinni ekki fyrirmælum um að stöðva þegar hann hljóp á brott frá hjólinu, hann ók hjólinu gegn rauðu ljósi þegar hann beygði inn Dalveg og á mælaborði bifhjólsins sem lögreglumaðurinn ók sést að ákærði ók hjólinu hraðast á 140 km/klst. á meðan lögreglumaðurinn jafnhraðamældi aksturinn. Fyrir liggur að ákærði hafði, þegar atvik gerðust, verið sviptur ökurétti ævilangt með dómi héraðsdóms 17. nóvember 2016.

Framburður ákærða er í ósamræmi við annað sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið hér að framan. Metur dómurinn hann ótrúverðugan og verður niðurstaða málsins ekki á honum byggð. Byggir dómurinn því niðurstöðu sína á framburði lögreglumanns nr. [...] og upptöku úr búkmyndavél hans. Í ljósi þessa telur dómurinn sannað að ákærði hafi ekið hjólinu, eins og rakið er í ákæru, að teknu tilliti til vikmarka hvað varðar hraðakstur. Hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í VIII. kafla ákæru og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 30. nóvember 2020, á hann að baki sakaferil sem nær aftur til ársins 2006. Hefur honum ítrekað verið gerð refsing fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum. Með dómi héraðsdóms 25. október 2007 var ákærða gert að sæta fangelsi í fjóra mánuði fyrir þjófnað, skjalabrot, akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, akstur sviptur ökurétti og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Var ákærði auk þess sviptur ökurétti í sex mánuði frá dómsuppsögu. Með dómi Hæstaréttar 28. febrúar 2008 var ákærða gert að sæta fangelsi í þrjú ár og sex mánuði fyrir ýmis brot gegn almennum hegningarlögum, m.a. þjófnað, og brot gegn umferðarlögum með því að hafa ekið undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti. Þá var ákærði einnig sviptur ökurétti í átta mánuði. Ákærða var gert að sæta fangelsi í átta mánuði með dómi héraðsdóms 17. janúar 2011 fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni, vopnalögum og umferðarlögum með því að hafa ekið undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti. Var ákærði sviptur ökurétti í tvö ár frá dómsuppsögu. Þá hlaut ákærði 45 daga fangelsisdóm með dómi héraðsdóms 25. nóvember 2011 fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og sviptur ökurétti og var einnig sviptur ökurétti ævilangt frá dómsuppsögu. Með dómi héraðsdóms 12. apríl 2013 var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, m.a. þjófnað, lögum um ávana- og fíkniefni, vopnalögum og umferðarlögum, fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og akstur sviptur ökurétti. Þann 14. nóvember 2013 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar

fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Þann 11. júní 2015 var ákærði, með dómi héraðsdóms, dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir m.a. brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum, með því að aka sviptur ökurétti og undir áhrifum ávana- og fíkniefna og var ævilöng svipting ökuréttar áréttuð. Með dómi héraðsdóms 7. apríl 2015 var ákærði sakfelldur fyrir líkamsárás en ekki gerð sérstök refsing þar sem talið var að um hegningarauka hefði verið að ræða, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, vegna eldri dóms. Þann 13. maí 2015 var ákærði, með dómi héraðsdóms, dæmdur til sektarrefsingar fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og var þá einnig um hegningarauka að ræða. Þá var ákærða gert að sæta fangelsi í 18 mánuði, með dómi héraðsdóms 5. febrúar 2016, fyrir m.a. þjófnað, brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum, með því að aka undir áhrifum ávana- og fíkniefna og sviptur ökurétti. Með dóminum var 240 daga reynslulausn vegna eldri dóms dæmd upp. Þá var ævilöng svipting ökuréttar ákærða jafnframt áréttuð. Með dómi héraðsdóms 17. nóvember 2016 var ákærða gert að sæta fangelsi í sjö mánuði fyrir sömu sakargiftir og að framan greinir. Var dómurinn hegningarauki við dóminn frá 5. febrúar 2016. Með dómi spænsks dómstóls 5. maí 2018 var ákærði dæmdur til sektarrefsingar vegna líkamsárásar. Loks var ákærði, með dómi héraðsdóms 29. maí 2020, dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir akstur sviptur ökurétti og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir voru framin fyrir uppsögu framangreinds dóms frá 29. maí 2020. Fyrir liggur að beiðni um endurupptöku dómsins hefur verið send Endurupptökudómi en ákvörðun um endurupptöku hans liggur ekki fyrir. Telst refsing ákærða nú því vera hegningarauki vegna dómsins. Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir þjófnað, brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, lyfjalaga-, vopnalaga-, lögreglulaga- og umferðarlagabrot og eru brotin margítrekuð, sbr. framangreint. Verður refsing ákveðin með hliðsjón af dómvenju og 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 14 mánuði. Með vísan til sakarferils ákærða og dómvenju eru ekki forsendur til að skilorðsbinda dæmda refsingu.

Af hálfu bótakrefjanda, Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, hefur ekki verið sótt þing í málinu og er krafan því felld niður, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga um meðferð sakamála.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er áréttuð ævilöng ökuréttarsvipting ákærða og upptæk gerð til ríkissjóðs þau ávana- og fíkniefni og lyf sem í ákæru greinir og tveir mótörhjólahjálmar sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmans, 600.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og 172.178 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Vilhjálmur Reyр Pórhallsson aðstoðarsaksóknari.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Davíð Þór Gunnarsson, sæti fangelsi í 14 mánuði.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 194,3 g af maríhúana, 13,71 g af amfetamíni, 15,47 g af kókaíni, 1,26 g af ecstasy, 1,29 g af metamfetamíni, 13 töflur af rivotril og tveir mótörhjólahljálmar.

Felld er niður einkaréttarkrafa Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmans, 600.000 krónur og 172.178 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)